

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 58 1946, um menntaskóla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Með lögum nr. 58 1946, um menntaskóla, var ákveðið, að menntaskólarnir skyldu vera fjögurra ára skólar og að landspróf, sem fram fer í héraðsskólum og gagnfræðaskólum, skuli gilda til inntöku í fyrsta bekk menntaskólanna. Menntaskólinn í Reykjavík hefur starfað samkvæmt þessum lögum, síðan þau voru sett. Á hinn bóginn hafa forstöðumenn menntaskólans á Akureyri ekki viljað sætta sig við þá skipan. Einkum hefur verið lögð áherzla á það af þeirra hálfu að láta miðskóladeild starfa við skólann áfram. Á þingi 1948 var borið fram frumvarp þess efnis, að meðan húsrými menntaskólans á Akureyri leyfði, að dómi skólastjórnar, skyldi skólinn starfa áfram með sama fyrirkomulagi og var fyrir gildistöku laganna frá 1946, að því viðbættu, að landspróf skyldi gilda til upptöku í þriðja bekk skólans. Menntamálanefnd þessarar deildar lagði þá til, að um tveggja ára skeið skyldi starfa miðskóladeild við menntaskólann á Akureyri, enda starfaði þá lærdómsdeild skólans samkvæmt lögum frá 1946 um menntaskóla. Þannig var málið afgreitt. Flutningsmenn þess á þingi féllust á þessa breytingu, og þingmenn höfðu ástæðu til að ætla, að skólastjórn menntaskólans á Akureyri gæti unað við þau málalok. Síðar kom þó í ljós, að svo var ekki. Á þingi í fyrri var þetta mál tekið upp að nýju, en hlaut þá ekki fullnaðarafgreiðslu. Nú eru því úr gildi fallin þau lagaákvæði, er starfsemi miðskóladeildar við menntaskólann á Akureyri var byggð á. Minni hluti nefndarinnar telur ekki ástæðu til, að sú skipan verði lögfest að nýju, og leggur til, að frumvarp þetta verði fellt. — Nefndin leitaði umsagnar fræðslumálastjóra um frumvarpið, og er álit hans birt hér sem fylgiskjal.

Alþingi, 5. des. 1951.

Páll Þorsteinsson, Jónas Árnason.
fundaskr., frsm.

Fylgiskjal.

FRÆÐSLUMÁLASTJÓRINN

27. nóvember 1951.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 22. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga á þingskj. 169 um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, og fjallar það um heimild til þess að láta tveggja ára óskipta miðskóladeild starfa við menntaskólana á Akureyri og Reykjavík, ef húsrúm og aðrar ástæður leyfa.

Eins og kunnugt er, hefur svipað frumvarp verið þrívægt til meðferðar á Alþingi, og tvisvar var menntaskólanum á Akureyri veitt heimild til þess að halda óskipta tveggja ára miðskóladeild. Í bæði skiptin var umrædd heimild veitt til tveggja ára. Á síðasta Alþingi og því, er nú situr, er einnig óskað sams konar heimildar handa menntaskólanum í Reykjavík, og nú er ekki um tímabundna heimild að ræða.

Afstaða mín og margra málsmetandi skólamanna til máls þessa mun þingmönnum og öðrum vera ljós af gögnum þeim, sem Alþingi hafa verið send áður. Vísast í þeim efnum m. a. til fylgiskjala þeirra, sem prentuð voru á þskj. 809 með nefndaráliti meiri hluta menntamálanefndar efri deildar á síðasta Alþingi, og fylgir það hér með.

Uppeldismálaþing, sem haldið var í Reykjavík síðastl. sumar — sameiginlegt fyrir barnakennara og framhaldsskólakennara —, gerði svofellda samþykkt:

„Þingið vill leggja áherzlu á, að það telur skipan gagnfræðastigsins, eins og fræðslulögin gera ráð fyrir, skynsamlega og tiltölulega sveigjanlega í framkvæmd, nema ef vera skyldi að því leyti, að aðgreining verknáms og bóknáms sé á skyldunámsárunum óþarflega ákveðin.

Sérstaklega vill þingið vara alvarlega við þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til að kljúfa gagnfræðastigið á þann veg, að miðskóladeildir verði tengdar menntaskólunum, að ekki sé nefnd sú óhæfa að ætla unglingum aðeins tveggja vetra nám frá barnaprófi til landsprófs miðskóla.“

Til viðbótar framanskráðu leyfi ég mér að benda á eftirtalin atriði til ihugunar:

1. Hefur allt skraf menntaskólanna um þróngan húsakost og aukna húsnæðisþörf verið markleysa? Er ástæða til fjárframlaga til úrbóta í þessu skyni, ef

ekki er — eða verður — fullnotað húsnæði menntaskólanna, sem fyrir eru, nema þeir fari að þarflausu inn á verksvið gagnfræðastigsskólanna? Má í þessu sambandi geta þess, að í gagnfræðaskólanum á Akureyri eru nú um 300 nemendur, en talið er, að þar gætu rúmast 550 nemendur. Er ekki nauðsynlegt fyrir menntaskólana að fá hið allra fyrsta aukið og hentugt húsnæði til kennslu í eðlisfræði, efnafræði og náttúrufræði? Í þeim efnum virðist mér, að menntaskólarnir okkar standi langt að baki hliðstæðum skólum í nágrannalöndunum og þótt viðar væri leitað. Það þykir vart vænleg kennsla til góðs árangurs í framangreindum námsgreinum, nema nemendurnir geti sjálfir gert tilraunir, en á því munu vera mjög litlir möguleikar að óbreyttum aðstæðum. Mér virðist því, að hafi menntaskólarnir ráð á húsnæði umfram það, sem þarf til bóklegrar kennslu í lærdómsdeild, þá eigi tilraunakennslugreinar þær, er ég áður nefndi, að njóta þess.

2. Í miðskólum skal kenna handavinnu og matreiðslu. Hvernig hyggjast menntaskólarnir að framkvæma þá kennslu?
3. Þar til síðastl. haust hefur ekki komið til orða að synja unglíngum, sem lokið höfðu miðskólaprófi í landsprófsgreinum með einkunninni 6.00 eða meir (að 6.40?) um upptöku í menntaskóla. En þá taldi rektor menntaskólans í Reykjavík vart kleift að hafa sexskiptan 3. bekk (þ. e. 1. bekk lærdómsdeildar) sökum þrengsla, er það mundi valda í sambandi við framhaldsdvöl þeirra í skólanum. Fyrir atbeina menntamálaráðherra var hætt við þetta og umræddir nemendur fengu inngöngu í skólann. Væri það nú rétt gagnvart landsprófsnemendum að synja þeim, sem náð hafa tilskilinni einkunn (6.00), um inngöngu í 1. bekk lærdómsdeildar, en taka í staðinn gagnfræðanemendur, sem allir komast í einhvern gagnfræðastigsskóla?
4. Hér með fylgir „yfirlit um tölu nemenda við menntaskólanám 1948—1951 (o. fl.)“, sem ég tel, að vakið geti til allmikillar umhugsunar; t. d.:
 - a. Hvað veldur því, að lærdómsdeildarnemendum fækkar í M. A., en fjölgar á Laugarvatni? Getur ekki verið, að þar um valdi nokkru hinn mikli áhugi M. A. fyrir miðskóladeild og Laugarvatnsskóla fyrir lærdómsdeild?
 - b. Ef lærdómsdeildarnemendur Laugarvatnsskóla hefðu farið í M. A., hefði síðarnefndi skólinn verið allvel skipaður, og mundi ekki hafa verið hagkvæmara fyrir þá nemendur í menntaskólanum í Reykjavík, sem þurfa að greiða námsdvölinna hér fullu verði, að fara í heimavistina á Akureyri?
 - c. Þeim miðskólaprófsnemendum fer sem betur fer fjölgandi, sem taka landspróf til þess að fá góða almenna menntun (sjá E-lið skýrslunnar), en hyggja ekki til langskólanáms.
 - d. Það mun vera almennt álit sálfræðinga og uppeldisfræðinga, að varast beri að ætla börnum og unglíngum umfangsmeira og erfiðara nám en aldur þeirra og þroski segir til um. Það mun vist flestum ljóst, að það er ofætlun unglíngum að ljúka því námi á 2 árum, sem mið- og gagnfræðaskólar ætla þeim í 3 vetur. Gefur F-liður skýrslunnar ekki ástæðu til ihugunar um þetta atriði? Það er sitt hvort að geta lært einhver minnisatriði eða að geta notfært sér það, sem lært er. Hið fyrrnefnda atriði fer e. t. v. ekki svo mjög eftir aldri nemenda, en hið síðarnefnda er ótvírætt háð aldri og þroska þeirra. Og verða nemendur og skólar ekki dæmdir eftir því, þegar til háskólanáms eða starfa kemur, hvernig til tekst um hagnýtingu lærdómsins? Þess má geta hér, að sé um andlega og líkamlega bráðþroska nemendur að ræða, geta gagnfræðastigsskólarnir fært þá í næsta bekk fyrir ofan á miðjum vetri, eða látið þá hlaupa yfir bekk, ef hentara þykir. Þeir geta því lokið þriggja ára námi á 2 árum í tédum skólum.
5. Hvað skyldu margir þeirra manna, sem hafa beitt sér — eða beita sér — fyrir miðskóladeildum við menntaskólana, hafa þurft að senda börn sín frá sér til náms strax að loknu barna- eða fullnaðarprófi? Með nýju skólalöggjöfinni er stefnt að því, að fólk geti sem lengst haft börn sín og unglínga við nám sem næst heimilum þeirra. Einnig er þetta gert til þess, að fólk þurfi síður að yfirgefa sveitir og þorp og fara í stærstu kaupstaðina til þess að fá sæmilega almenna menntun handa börnum sínum.

Það er oft vitnað til þess, sem áður var. Ég lít svo á, að fortíðinni sé ekki vanþakkaður arfurinn, sem við höfum fengið, þótt við ávöxtum þann arf á annan hátt en gert var. „Tímarnir breytast og mennirnir með.“ Sjálfsagt er rétt að fara gætilega í öllum málum, en hins vegar verðum við að gæta þess „að missa ekki af strætisvagninum“.

Ég vil, að menntaskólarnir á Akureyri og í Reykjavík verði eflidir að gögnum og gæðum til þess að gegna því hlutverki, sem núgildandi lög um þá ætla þeim, og verði lærdóms- og starfsstöðvar, en gagnfræðastigsskólarnir verði látnir sjá um þá undirbúningsmenntun, sem þarf til inngöngu í 1. bekk menntaskóla.

Helgi Eliasson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.